

Menningarmunur á Íslandi í lok 18. aldar

Í greininni er leitast við að gera þá mynd blæbrigðaríkari sem dregin hefur verið upp af íslensku samfélagi sem menningarlega einsleitu. Bent er á það að bak við hugtökin *alþýða* og *bændur* geti búið hópar fólks sem bjuggu við mismunandi lífshætti, ekki einungis í efnahagslegu tilliti heldur einnig menningarlegu. Í greininni eru rakin dæmi um það hvernig þessi mismunur kemur fram í heimildum um íbúa í Seltjarnarneshreppi, m.a. í dómabókum, skiptagjörðum og manntölum, á tímabilinu 1750–1830. Aðferðafræðileg og kennileg nálgun sækir innblástur í ein-sögu (mikrohistorie) og grundvöllur greiningarinnar er því afmarkað landsvæði og sjónarhóll einstaklinga.

Hugtakið *íslensk menning* er sjaldan notað í fleirtölu. Það á einnig við þegar fjallað er um íslenskt þjóðfélag á 18. öld, sem yfirleitt er lýst sem bændasamfélagi þar sem ekki gætir mismunar í menningarlegu tilliti. Flestir sagnfræðingar eru þeirrar skoðunar að í þessu samfélagi hafi verið fámenn yfirstétt embættismanna og auðugra jarðeigenda. En annað hvort hafa þeir ekki rannsakað þennan hóp frá menningarlegu sjónarhorni eða þeir telja að munurinn á yfirstéttinni og öðrum í samfélaginu hafi aðeins verið efnahagslegs eða stjórnmálalegs eðlis – ekki menningarlegs.¹ Rök Gunnars Karlssonar fyrir því síðarnefnda eru til dæmis þau að í rauninni hafi ekki verið skörp skil á milli yfirstéttar og almennings, þrátt fyrir mikinn efnahagslegan mun, og því

1 Harald Gustafsson hefur víða farið yfir meginlínur í því hvernig fræðimenn hafa lýst íslensku samfélagi á 18. öld, t.d. í Harald Gustafsson, „Funderingar om det isländska tidigmoderna samhället“. Gustafsson nefnir ekki umfjöllun fræðimannanna um hinn menningarlega þátt. Greinargerðin hér að ofan byggir því á minni úrvinnslu og athugunum.

hefðu einstaklingar getað flust úr öðrum hópnum í hinn. Þar af leiðandi hefði ekki verið menningarlegur munur meðal Íslendinga innbyrðis.² Þannig fjalla fræðimenn annaðhvort um íslenska þjóð sem menningarlega heild eða hugsanlega um mótsögnina milli yfirstéttar og alþýðu.³

Að mínu mati er það sem hér er lýst einfölduð mynd af íslensku samfélagi. Það er rétt að í íslensku samfélagi 18. aldar gætti ekki mismunar sem byggðist á lögfestum forrættindum eða stéttamun í evrópskum skilningi. Ennfremur lifðu flestallir Íslendingar á búfjárrækt og fiskveiðum. Ef nánar er hugað að ákveðnum einstaklingum á Íslandi kemur þó í ljós að þrátt fyrir þessa einsleitni var í reynd svigrúm til mismunandi lífshátta. Mismunur var ekki eingöngu á yfirstétt og alþýðu heldur einnig meðal alþýðunnar innbyrðis. Þessi munur var ekki heldur eingöngu sprottinn af efnahagslegum ástæðum, þótt hann birtist meðal annars í mismunandi ráðstöfun fjármuna. Hann verður einnig skýrður frá menningarlegu sjónarmiði.

Í þessari grein ætla ég að draga fram nokkrar gerðir *menningarsniða* (kulturelle profiler) eins og þær koma fram meðal alþýðufólks í Seltjarnarneshreppi á tímabilinu 1750–1830. Greinargerðin byggist á gaumgæfilegri athugun á íbúum hreppsins í kirkjubókum, manntölum, dómabókum, skiptagjörðum og öðrum heimildum. Við samanburð á innbúi, lífsvenjum og hegðun íbúanna í ákveðnum efnum koma fram mismunandi mynstur í lífsháttum sem verður að nokkru lýst hér á eftir.⁴ Fyrst ætla ég þó að gera grein fyrir skilningi mínum á menningu og þeirri aðferðafræðilegu nálgun sem sækir innblástur í einsögu (mikrohistorie).

2 Þetta er m.a. skoðun Gunnars Karlssonar í Gunnar Karlsson og Hans Jacob Debes, „Island – Færøerne – Grønland“, bls. 22–23.

3 Gísli Ágúst Gunnlaugsson gerði þó greinarmun á 10 mismunandi samfélagshópum og byggði á stjórnmálalegri, félagslegri og efnahagslegri stöðu. Hann fékkst þannig ekki við menningarmun. Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*, bls. 33–34.

4 Nánari greinargerð fyrir þeim menningarlega mun sem talað er um í greininni er að finna í Christina Ax, „Et andet Island – kulturel kompleksitet på Seltjarnarnes 1750–1830“ (*Kgl. Bibl.*), bls. 44–105.

Menning, einsaga og hið dæmigerða

Í því sem hér fer á eftir nota ég mannfræðilegt menningarhugtak, þar sem orðið menning er notað í merkingunni lífnaðarhættir.⁵ Menningu er erfitt að skilgreina þar sem hún er samsett fyrirbrigði, hún er ramma um líf manna og um leið hluti af þessum ramma. Menning hefur þannig þýðingu fyrir gjörðir manna og hugsanir um heiminn sem þeir búa í, jafnframt því að menningin mótask að vissu marki af umhverfinu. Í þeim hlutum sem fólk hefur í kringum sig, makavali, nöfnum barnanna, hóbýlaháttum og ráðstöfun fjármuna – í öllu þessu birtast efnahagsveiflur, stjórnmálaþrýstingur og þess háttar, en einnig menning. Þannig eru tengsl milli gjörða manna og þeirrar merkingar sem þeir leggja í þær. Það þýðir að með því að rannsaka gjörðir mannanna getur maður öðlast nokkurn skilning á menningarheimi þeirra.

Mikilvægt er þó einnig að hafa í huga að menning er þar að auki hugtak eða sjónarhorn sem fræðimenn velja til rannsóknar, á sama hátt og hægt er að rannsaka fyrri tíma frá efnahagslegu, stjórnmálalegu eða hugmyndafræðilegu sjónarmiði. Þannig er munur á högum manna og því sem við sem fræðimenn getum sagt um hagi þeirra. Ég nota hér hið víðara hugtak menningarsnið, fremur en menningu, einmitt til þess að leggja áherslu á þennan mun. Hugtakið menningarsnið er sem sagt ekki hugsað til að marka mönnum ákveðinn bás, heldur til að varpa upp eins konar skuggamyndum á grundvelli mismunandi mynstra sem ég finn í lífsháttum manna.

Ein ástæða þess að varlega þarf að fara með hugtökin er sú að í heimildum frá 18. öld hafa alþýðumenn sjaldan orðið milliliðalaust. Erfitt getur því verið að segja til um hvernig alþýðu fyrri tíma hefur líðið eða hver lífsviðhorf hennar voru. Alþýðan kemur fram í skýrslum, kirkjubókum, dómabókum, skiptabókum og því um líku, en þar sem það er yfirstéttin sem hefur myndað þessar heimildir er það hugsunarháttur hennar og lífsviðhorf sem einkennir lýsingarnar á alþýðu samtímans. Þannig er þetta einnig á Íslandi þótt vitnisburður yfirstéttarinnar sé oft látinn gilda fyrir

5 Sbr. Palle Ove Christiansen, *Kultur og historie*, bls. 15–30.

alla íbúana vegna hugmyndarinnar um hina einsleitu menningu.⁶ Engu að síður er reginmunur á lífi Ólafs Stefánssonar stiftamt-manns eða Skúla Magnússonar landfógeta, sem höfðu tengsl við útlönd, bjuggu stórbúi og áttu bókasafn, hægindastóla, glugga-tjöld og borðsilfur, og lífi venjulegs bónda. Það er ekki sjálfgefið að þeir Ólafur og Skúli geti komið fram fyrir hönd bóndans, þótt þeir eigi sjálfsagt eitthvað sameiginlegt. Þar með er ekki sagt að ekki sé hægt að tjá sig um líf alþýðunnar á grundvelli þeirra ummerkja sem finna má í heimildum, en það verður að reyna að komast að veruleikanum handan við vitnisburð yfirstéttarinnar.

Í þessari grein hef ég notað einsögulega nálgun til þess að komast á snoðir um lífshætti alþýðunnar. Aðferð einsögunnar er í stuttu máli sú að einskorða rannsóknarsviðið við afmörkuð fyrir-brigði eins og einstaklinga, svæði eða atburði. Á þann hátt má tefla saman upplýsingum úr mörgum ólíkum heimildum, þannig að unnt verði að endurskapa það samhengi sem þessi fyrirbrigði eða einstaklingar voru hluti af. Tilgangurinn er m.a. að öðlast margbrotnari skilning á mannfólkinu og lífsháttum þess og gera hina stærri sögu blæbrigðaríkari – ekki að skapa dæmigerða mynd af samfélaginu. Oft er þessi samtenging heimilda einnig eina leiðin til þess að skapa sér mynd af alþýðufólki og lífi þess.⁷

Einsagan á sér ekki rætur í því almenna heldur í því sérstaka. Hún leitar ekki að lögmálum heldur skilningi og næmi. En það sérstaka getur því aðeins verið til að eitthvað sé venjulegt. Þess vegna getur það sérstaka verið leið til skilnings á hinu venjulega líka, því það sérstaka endurspeglar viðmið og gildi samfélagsins. Ítalski sagnfræðingurinn Eduardo Grendi hefur kallað þetta „eccezzionalmente normale“, eða eins og talað er um á dönsku „det usædvanlige normale“.⁸ Segja má að það alþýðufolk sem finna má í heimildunum sé oft eðlilegar undantekningar frá hinu

6 Dæmi um þetta eru rannsóknir Kirsten Hastrup. Hún byggir lýsingu sína á íslenskum menningarheimi á heimildum sem myndaðar eru af yfirstétt-inni án þess þó að taka á þessu sem vandamáli. Kirsten Hastrup, *Nature and Policy in Iceland 1400–1800*.

7 Yfirlit um hina einsögulegu nálgun má t.d. sjá í Giovanni Levi, „On Microhistory“.

8 Lýsingu á þessu hugtaki má t.d. sjá hjá Hans Medick, „Mikro-Historie“, bls. 47 og hjá Carlo Ginzburg & Carlo Poni, „Was ist Mikroggeschichte?“, bls. 51. Á þýsku er talað um „aussergewöhnliche normalen“.

sem gerist og gengur, þar sem það, a.m.k. þegar kemur að dóma-bókum, sker sig úr því sem kallast venjulegt. Þess vegna lendir það fyrir dómstólunum. En um leið og það vísar frá því venju-lega, getur það jafnframt sagt frá viðmiðum og gildismati samfé-lagsins. Út frá þessum forsendum eru einstaklingar kynntir til sögunnar hér á eftir.

Rannsókn á einstaklingum veitir á þennan hátt aðgang að menningu hópsins. Ekki svo að skilja að um sé að ræða alger lík-indi með hugsunarhætti og gjörðum einstaklingsins og hópsins, en einstaklingurinn gerir ekkert í tómarúmi heldur í samhengi. Sagnfræðingurinn Hans Medick segir svo um merkingarfram-leiðslu (betydningsproduktion) af þessu tagi:

Það væri rangt að telja að þetta gerist við hlutlausar aðstæður þar sem jafnir hæfileikar og jöfn tækifæri eru fyrir hendi. Það sem fremur er um að ræða hér er hin stöðuga barátta fyrir merk-ingu. Þau átök eru ávallt nálæg í samhengi við félagsleg tengsl – tengsl sem jafnframt eru mynduð með þeirri sömu baráttu. Gagnkvæmni, það að vera öðrum háður og mótspyrna – og hvernig þetta blandast hvað við annað – eru því ekki „leidd af formgerðinni“. Þau verða raunveruleg í sjálfri baráttunni fyrir merkingu eins og hún er háð í og á milli sögulegra fyrirbrigða – þ.e. einstaklinga, hópa, stétta og menningarheilda.⁹

Grunnur hinnar einsögulegu greiningar er í þessu tilviki Seltjarn-arneshreppur. Á síðari helmingi 18. aldar var Seltjarnarneshrepp-ur um margt ólíkur öðrum stöðum á Íslandi. Vissulega lifði fólk á svæðinu af búfénaði og sjósókn eins og tíðkaðist annars staðar. Fiskveiðarnar voru kannski ríkari þáttur í afkomu manna hér en þar sem einkum var stundaður landbúnaður, en sú var að vísu raunin víðar á Suður- og Vesturlandi. Það sem greindi Sel-

9 Hans Medick, „Missionaries in the Rowboat“? Ethnological Ways of Knowing as Challenge to Social History“, bls. 62. – „It would be mistaken to assume that this process takes place on a neutral field under conditions of equal abilities and opportunities. Rather, what is at issue here is the on-going struggle for meaning(s). That conflict is constantly present in the context of social relations – relations which at the same time are constituted by that very struggle. Reciprocity, dependency, and resistance – and their intermixtures – are thus not „structurally given“. They become reality only within this struggle for meaning(s) as it is waged in and between historical subjects – that is, individuals, groups, classes, and cultures.“

tjarnarneshrepp frá öðrum svæðum var einkum og sér í lagi Reykjavík.

Um miðja 18. öld voru vefsmiðjur Innréttinganna byggðar á jörðinni Reykjavík. Hugmyndin var að styrkja Ísland með því að hefja handverksiðnað og koma af stað heimilisiðnaði í tengslum við hann. Þar yrði hægt að nýta íslenskt hráefni um leið og Íslendingum yrðu kennd ný vinnubrögð og aðferðir.¹⁰ Þetta var upphaf þess að Reykjavíkurjörðin breyttist í eina þéttbýlisstaðinn á Íslandi sem líktist bæ. Þessi þróun styrktist við það að kaupmenn fluttu krambúðir sínar og pakkhús úr Örfirisey og upp á land árið 1780. Jafnframt tóku ýmsar mikilvægar stofnanir og embættismenn að safnast saman í hreppnum, eins og tugthúsið, landsyfirrétturinn, landfógetinn, biskupinn, stiftamtmaðurinn o.fl. Árið 1786 fékk Reykjavík kaupstaðarréttindi, en bærinn varð ekki sjálfstætt stjórnsýslusvæði aðgreint frá Seltjarnarneshreppi fyrr en árið 1836.¹¹

Seltjarnarnes varð af þessum sökum afmarkað svæði þar sem saman var komið tiltölulega margt fólk með mismunandi bakgrunn. Árið 1801 voru íbúar Reykjavíkurkaupstaðar 311 talsins en í öllum Seltjarnarneshreppi bjuggu 870 manns. Í Reykjavík bjuggu embættismenn, verslunarmenn og fólk sem hafði ofan af fyrir sér með margvíslegu handverki. Handverksmenn hjá vefsmiðjunum voru einkum vefarar og spunafólk, en síðan bættist við annað handverk eins og skósmíði, trésmíði og þess háttar. Umhverfis bæinn bjuggu hjáleigumenn, þurrabúðarmenn og húsmenn og enn lengra í burtu voru fleiri býli og kot.¹² Búseta alls þessa fjölda fólks með mismunandi lífshætti gerir Seltjarnarnes frábrugðið öðrum stöðum á Íslandi. Um leið gefst gott tækifæri til að bera saman mismunandi hópa fólks og margþætt menningarsnið þeirra, eins og gert yerður hér á eftir.

10 Hinum margvíslegu hugmyndum að baki vefsmiðjunum á Leirá, Bessastöðum og í Reykjavík hefur seinast verið lýst í Hrefna Róbertsdóttir, *Landsins forbetran*.

11 Sjá t.d. Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur* I.

12 Sjá t.d. upplýsingar í manntölum. – *Manntal á Íslandi 1801*, Suðuramt, bls. 377–402. – *Manntal á Íslandi 1816*, bls. 422–40. – *Manntal á Íslandi 1845*, Suðuramt, bls. 424–58.

Grímur Ólafsson og Guðmundur Jónsson

Árið 1813 virtist eitthvað undarlegt vera á seyði hjá bóndanum í Breiðholti, Grími Ólafssyni.¹³ Magnús Magnússon hreppstjóri fór að minnsta kosti þangað heim einn febrúardag við fjórða mann til þess að gera húsrannsókn. Fé hafði horfið og orðrómur var um að í Breiðholti væri meira af skinnnum og kæfu en eðlilegt mætti teljast. Í mánuðinum á undan höfðu komið upp fleiri mál um horfið fé. Fyrst hvarf úr fé Stephensens etatsráðs í Laugarnesi. Grunur féll á smalann, Gottskálf Eiríksson, sem var farinn af Seltjarnarnesi, og sömuleiðis á Ívar Stefánsson á Kleppi, sem hafði hýst Gottskálf. Málið féll niður án ákæru þar sem við rannsóknina höfðu fundist nokkur hræ sem refir höfðu skilið eftir. Í febrúar féll dómur yfir sauðþjófi frá Álftanesi, sem m.a. hafði stolið fé frá Guðmundi Eyjólffssyni bónda á Bústöðum. Þessi tvö mál tengdust bæði orðróminum um Grím Ólafsson, en á mismunandi hátt.

Við yfirheyrslur í fyrra málinu sagði Magnús Guðlaugsson bóndi í Laugarnesi að Gottskálf hefði haldið því fram að nokkrar kindanna hefðu sést í Breiðholtsfénu. Það var nefnilega hrútur í Breiðholti og eðlilegt að ærnar sæktu þangað. Kannski var það þess vegna sem Guðmundur Eyjólffsson heimsótti Grím 9. febrúar, ásamt tveimur nágrönnum sínum, þegar hann vantaði kindina, sem annar maður var síðar dæmdur fyrir að hafa stolið. Þessari rannsóknarnefnd neyddist Grímur til að bjóða inn fyrir og leyfa henni að rannsaka bæinn gaumgæfilega. Annars hefði það verið eins og hann hefði eitthvað að fela. Og það vantaði sannarlega ekkert í Breiðholti. Þar var skinn í hverju rúmi, og í búrinu og á loftinu voru keröld og skrín með kæfu, tólg og smjóri. Rannsókninni lauk þó þegar boð bárust um að kindur Guðmundar Eyjólffssonar hefðu fundist á Álftanesi. Samt sem áður hafði þessi rannsókn í för með sér nýjar ákæur.

Þegar bóndinn í Hvammkoti, Guðmundur Jónsson, saknaði tveggja kindna eftir hriðarbyl 8. febrúar, taldi hann að þær hefðu horfið af mannavöldum. Þar sem heimsókn Guðmundar Eyjólffssonar hjá Grími hafði afhjúpað allar dásemdarnar þar á bæ, var

13 Umfjöllunin um atburðinn, aðstæðurnar og upplýsingarnar um Grím Ólafsson og aðra sem nefndir eru byggist á dómabókinni *ÞÍ. Sýsl. Gull-Kjós. IV 11 Dóma- og þingbók 1811–1816*, 15. mars 1813, bls. 29–42.

hreppstjórinn aftur beðinn að rannsaka málið, sem hann gerði viku eftir fyrri rannsóknina. Við komu Magnúsar var allt við það sama og í vikunni áður, og ekkert grunsamlegt. Vinnumaður Gríms, Jón að nafni, gaf þegar við hina fyrri rannsókn skýringu á þessari gnægð skinna og matar. Þegar Guðmundur Eyjólfsson var að skoða skrin Jóns með kæfu og smjöri sagði hann „ad ej mundi hann þurfa ad borda þurt i wetur, sagdi han ad Dep. hefði ej heldur eins og þeir skorid kindur sinar nidur i haust – herum war þá ecki fremur talad.“¹⁴

Samkvæmt Grími Ólafssyni við yfirheyrsluna, hafði hann slátr- að um helmingnum af sínum 40 kindum og átti þá 22 ær og einn hrút vorið 1812. Hann hafði misst tvö lömb um sumarið og slátrað átta ám og lambi haustið 1812. Hann heimti um 13 lömb af fjalli um haustið og þegar hann skýrði málið í mars 1813 átti hann eftir 12 lömb, 12 ær og hrútinn. Hann hafði mjólk úr fimm kúm og 17 mylkum ám. Þar að auki höfðu þeir Jón fiskað vel um veturinn. Þeir veiddu 180 fiska og komu 40 í hvern hlut. Þeir höfðu lifað á fiskinum svo að ekki þurfti að ganga á kæfubirgðirnar og smjörið. Fyrir utan þetta átti Jón sinn eigin bústofn dreifðan á ýmsa bæi, sex ær, einn sauð og eitt lamb. Það var þessum ráðstöfunum að þakka að Grímur Ólafsson átti svo mikinn mat í búi og svo mörg skinn. Ekki skipulögðu allir búskap sinn með þessum hætti, það sýnir annað mál stuttu síðar.

Í júní 1813, aðeins fáum mánuðum eftir þá atburði sem hér er lýst, var höfðað mál gegn Guðmundi Jónssyni frá Hvammkoti.¹⁵ Það var hann sem tvívegis hafði haft Grím Ólafsson grunaðan um að hafa stolið kindum frá sér. Enn snerist málið um að slátra fé, en að þessu sinni öllu heldur um að láta hjá líða að slátra fé. Guðmundur Jónsson þurfti eins og aðrir bændur á Seltjarnarnesi að leggja fram sinn skerf til fátækraframselsu. Hálfum mánuði fyrir júl kom niðursetningurinn Guðríður Guðmundsdóttir, 18 ára gömul, að Hvammkoti þar sem hún átti að hafa framselsu. Meðan hún var í umsjá Guðmundar varð hún sjúk og horuð. Þetta mál þurfti hreppstjórinn einnig að rannsaka. Þegar hann kom í

14 Þf. Sýsl. Gull-Kjós. IV 11 Dóma- og þingbók 1811–1816, bls. 39.

15 Umfjöllunin um atburðinn, aðstæðurnar og upplýsingarnar um Grím Ólafsson og aðra sem nefndir eru byggist á dómabókinni Þf. Sýsl. Gull-Kjós. IV 11 Dóma- og þingbók 1811–1816, 23. júní 1813 bls. 46–50, 5. júlí 1813 bls. 52–55.

Hvammkot reyndist Guðríður vera óhrein og langt frá því að vera eins vel á sig komin og þegar hún kom þangað. Hreppstjórinn lagði Guðmundi á herðar að slátra eða selja kind til þess að útvega niðursetningnum sómasamlegan mat, þ.e. kjötsúpu, mör eða smjör. Guðmundur virðist ekki hafa fengið af sér að láta frá sér kind, en beið þess í stað eftir að kýrnar bæru í lok febrúar þegar fengist mjólk og smjör. Þá var orðið of seint að hjálpa Guðríði. Hún dó 10. apríl. Undir lokin varð hún auk þess að sofa á gólfinu því að hún var bæði grálúsug og morandi í fló og Guðmundur vildi ekki hafa hana í rúmi. Hann taldi sjálfur að hún hefði dáið úr bjúg og öðrum krankleika. Þessu var rétturinn ekki sammála. Guðmundur var dæmdur til 15 vandarhagga og til þess að greiða allan sakarkostnað, 34 ríkisdali. Guðmundur var vissulega fátækur bóndi, en rétturinn taldi að hann hefði gert minna en hann hafði tök á.

Í fljótu bragði virðast framangreind mál fjalla um ólíka hluti, en þeim er það sameiginlegt að fjalla einnig um tilhögun fjárbúskapar. Af því sem fram kom við yfirheyrslurnar virðist mega ráða að Grímur Ólafsson hafi miðað fjölda þeirra skepna sem hann slátraði við að hann héldi um 25 fjár um veturinn. Guðmundur Jónsson hafði þetta öðruvísi. Hann átti 27 kindur og næstum því jafnmörg lömb 1812. Hann lét þó duga að slátra fjórum ám og þremur lömbum og þegar það entist ekki fram á vor varð hans fólk að lifa á bygggraut og fiski þar til kýr báru. Þar fyrir átti Guðmundur ekki miklu fleira fé en Grímur. Nágrannakona vottaði við yfirheyrslurnar að lömb hefðu fallið úr hor hjá Guðmundi um veturinn og hún hefði ekki talið að hann ætti eftir fleiri en 6–7 lömb.

Nú virðist það í fljótu bragði fáránlegt að Guðmundur Jónsson hafi heldur viljað láta skepnur sínar horfalla en að slátra einni þeirra, og að Grímur Ólafsson hafi verið grunaður um þjófnad af því að hann slátraði skepnum sínum um haustið. Það virðist skynsamlegt að setja á miðað við það fóður sem til er. Með því móti eru meiri líkur til að fleiri skepnur lifi af veturinn. Kjöt og mör af sláturdýrum kom að góðum notum, en ekki af sjálfdauðum skepnum. Þannig líta nútímamenn á þetta, og Grímur Ólafsson líka að því er virðist. En eins og dæmið af Guðmundi Jónssyni sýnir þurfti það ekki alltaf að vera svo á Íslandi á 18. öld.

Þetta sést einnig af tillögu Ólafs Stefánssonar til Landsnefndarinnar 1770–71 þar sem hann taldi nauðsynlegt að hreppstjórar

sæktu bændur heim á hverju hausti til þess að sjá svo um að skepnufjöldi fylgdi fóðri „svo að þeir af skilningsleysi og því hve lítið skynbragð þeir bera á eigin hagsæld geri sig ekki bjargþrota eða missi alfarið lífsnauðsynlegan fjölda skepna sinna.“¹⁶ Auk þess var fastur liður á manntalsþingum að minna alþýðuna á að viðhalda m.a. seljum og görðum, að slétta tún og bera meira á.¹⁷ Þetta virðist hafa haft takmörkuð áhrif. Bæði Kirsten Hastrup og Gísli Gunnarsson benda á að Íslendingar virðist á 18. öld hafa „gleymt“ búskaparlagi fyrri tíma. Seljabúskap hafi verið hætt, varðveisla heyja versnað og garðar fallið í vanhirðu, og Kirsten Hastrup vísar máli sínu til stuðnings til þess að Olavius nefni að sumsstaðar hafi tún verið notuð til torfristu.¹⁸

Fátækt og hungur einkenndi samfélög um alla Evrópu fyrir iðnbýltinguna og „óarðbærum“ rekstraraðferðum var að hluta til um að kenna. Það var einfaldlega ekki margt til bjargar þegar ógæfan dundi yfir. Það er þó mikilvægt að gera sér ljóst að hversu órökrétt, óskynsamleg og fáránleg sú aðferð sem lýst var hér á undan kemur okkur fyrir sjónir nú, kann hún að hafa haft *merkingu* fyrir bændur þeirra tíma, miðað við þá menningu sem þeir bjuggu við. Til þess að skilja hvernig Guðmundur Jónsson lét sér til hugar koma að setja ærnar á í stað þess að slátra þeim, verður að reyna að setja það sem hann gerði í rétt samhengi. Á Íslandi á 18. öld var sauðfé auðveld fjárfesting fyrir þann sem vildi bæta kjör sín. Eins og alnafni hans, sagnfræðingurinn, ritar á okkar dögum var

16 *Landsnefndin 1770–1771*, bls. 231. Frumtextinn er á dönsku: „paa det de skal ey formedelst Uforstand og altfor ringe Indsigt om deres egen Velfærd ruinére dem selv eller komme til totaliter at miste det til deres Livs Vedligeholdelse uomgiængelig fornødne Antal Qvæg.“

17 Þf. Sýsl. Gull-Kjós. IV 6–14 Dóma- og þingbækur 1763–1840.

18 Kirsten Hastrup, *Nature and Policy in Iceland 1400–1800*, bls. 57 og áfram. Sjá einnig Gísli Gunnarsson, *Monopoly Trade and Economic Stagnation*, bls. 168 og áfram. Hvorugur höfundanna kemur með beina skýringu á gleymiskunni, en telja, að margs konar félagslegir og menningarlegir þættir sem viðhalda sjálfum sér komi í veg fyrir nýjungar og þróun. Gísli tengir þetta einkum verslunarskipaninni og niðurdrepandi áhrifum hungurs sem m.a. hélt samfélaginu í þeim skorðum sem það var. Hastrup sér aftur á móti þróun, þar sem Íslendingar finna að þeir hafa misst stjórn á aðstæðum sínum. Þeir snúi sér í staðinn að samfélaginu í kringum búið og velji aðferðir sem krefjast sem minnstrar vinnu.

einfaldast og ódýrast fyrir bóndann að auka við bústofn sinn með því að hafa sem flest fé á vetrarheit og spara heyrforðann:

Bóndanum virtist þetta skynsamlegt miðað við aðstæður. Hann þurfti ekki að hætta á mikla beina fjárfestingu, þótt hann kynni að verða uppiskroppa með fóður á útmánuðum, og í versta falli þurfa að skera niður fé eða láta það horfalla, eins og ósjaldan gerðist í köldum vorum.¹⁹

En ef guð og gæfan lofuðu gat verið að skepnurnar lifðu af. Frá þessu sjónarmiði hagaði Guðmundur Jónsson frá Hvammkoti sér ekki örökrétt í efnahagslegu tilliti, þegar hann vildi ekki fórna á fyrir sveitarómaga. Sennilega hafði hann aðeins annan skilning á því hvað var efnahagslega verjandi en við höfum nú. Aftur á móti hefur Guðmundi virst Grímur Ólafsson grunsamlegur, þar sem hann hagaði búskap sínum á annan veg, þannig að hann þyrfti ekki „að bórða þurt í wetur“. Um var að ræða að haga sér skynsamlega á mismunandi hátt og þessir menn höfðu ekki heldur neinn skilning hvor á athöfnum hins.

Þótt hér að framan séu tekin dæmi af einstaklingum sýna þau að hægt er að finna atvik í heimildunum þar sem alþýðufólk breytir á mismunandi hátt, og virðist þannig hugsa mismunandi í menningarlegu tilliti. Sambærileg dómsmál um aðra bændur á Seltjarnarnesi eru óþekkt, og til þess að geta notað mismuninn á Grími og Guðmundi til þess að glöggva sig á mismun í öðru tilliti meðal alþýðufólks almennt, verður því að athuga hvort þeir tveir voru einnig ólíkir á öðrum sviðum.

Fyrirmyndarbændur og armingjar meðal sveitamanna

Fátt heimilda er að finna frekar um Guðmund Jónsson, en auðveldara er að fylgja Grími Ólafssyni eftir. Hann var fæddur á Kringlu í Grímsneshreppi 1763. Árið 1801 var hann kominn á

19 Guðmundur Jónsson, „Institutional Change in Icelandic Agriculture 1780–1940“, bls. 112. Frumtextinn er á ensku: „This seemed quite rational to the farmer under the circumstances. He risked very little direct investment, although he could find himself short of fodder supplies in late winter, and at worst, having to slaughter the sheep flock or leave it to starve to death, as was not uncommon in cold springs.“

Minnibæ í Klausturhólasókn í Árnessýslu.²⁰ Grímur er í manntalslistunum 1809 og þar talinn eiga fimm hundruð í lausum aurum og hann á því að greiða þrjá fiska í tíund og 10 fiska í gjaftoll.²¹ Grímur var enginn stórbóndi miðað við aðra bændur á manntalslistanum, en sannarlega ekki í hópi þeirra minnstu. Í húsvitjun sama ár er hann líka sagður hreppstjóri ásamt Magnúsi Magnússyni. Árið 1816 bjó hann á jörðinni Skildinganesi á móti öðrum bónda og fluttist síðan að Hrísrú í Mosfellssveit þar sem hann var einnig hreppstjóri.²² Grímur hélt því áfram að vera bóndi, en hins vegar er á huldu hvað varð um Guðmund. Sjálfur kvaðst hann fyrir réttinum vera úr Snæfellsnessýslu og hefði dvalist á Seltjarnarnesi í 16 ár. Hann hefði lengst af verið sjálfs sín, en hefði einnig verið bóndi á Rauðará og nú frá því árið áður í Hvammkoti.²³ Hann finnst ekki í íbúaskrá af þessum slóðum. Presturinn kallaði hann „daufan“, en Grímur var hins vegar talinn „skikkanlegur“.²⁴ Álit manna á þeim var því einnig mismunandi.

Framanskráðar upplýsingar vekja grun um það að handan þessa tvenns konar háttalags leynist ólíkur æviferill. Svo kynni að virðast að þeir Grímur og Guðmundur hafi ekki aðeins stundað búskap sinn á ólíkan hátt, heldur færu þeir einnig ólíkar leiðir á öðrum sviðum. Áþekkt mynstur má greina hjá öðrum bændum í Seltjarnarneshreppi ef þeir eru bornir saman á hinum ýmsu sviðum, á grundvelli heimilda eins og t.d. kirkjubóka, manntala, skipta- og dómabóka. Þar má nefna t.d. hreyfanleika þeirra, afgjaldagreiðslur, innbú, makaval og æviferil barna þeirra.²⁵ Til þess

20 Íslendingabók, samstarfsverkefni Friðriks Skúlasonar og Íslenskrar erfðagreiningar, <http://www.islendingabok.is> (Grímur Ólafsson, f. 1763).

21 ÞÍ. Sýsl. Gull-Kjós. X 4 Manntalsbók Gullbringusýslu 1806–1823, (Manntal 1809).

22 ÞÍ. Kirknasafn. BC. 4. Sóknarmannatal 1805–1824, (1809). – *Manntal á Íslandi 1816*, bls. 433–34, 441. – Íslendingabók, samstarfsverkefni Friðriks Skúlasonar og Íslenskrar erfðagreiningar, <http://www.islendingabok.is> (Grímur Ólafsson, f. 1763).

23 ÞÍ. Sýsl. Gull-Kjós. IV 11 Dóma- og þingbók 1811–1816, 23. júní 1813 bls. 46–50, 5. júlí 1813 bl. 52–55.

24 ÞÍ. Kirknasafn. BC. 4. Sóknarmannatal 1805–1824, (1809).

25 Lýsingin hér að neðan á muninum á mismunandi hópum alþýðumanna er byggð á ritgerð minni til cand. mag. prófs í evrópski þjóðháttafræði við Kaupmannahafnarháskóla. Þar endurgerði ég lífsferil nokkurra íbúa

að lýsa þeim ólíku menningarsniðum sem fram koma hef ég fengið að láni orð Ólafs Stefánssonar stiftamtmanns úr bréfi til Landsnefndarinnar 1770–71 þar sem hann lýsti mismunandi tegundum bænda, *fyrirmyndarbændum* (de bedste bønder) og *armingjum* (udskudet). Ekki ber þó að taka upp siðferðismatið sem einnig kemur fram í tilvitnuninni:

Allir vita að fyrirmyndarbændur sem eru færir um að yrkja og sinna heimaörðunum með tilheyrandi hjáleigum eru ráðnir til þess af jarðeigendunum, og bændurnir útvega síðan hjáleigumennina sem ýmist eru mjög fátækir eða latir, já, armingjarnir meðal íbúanna.²⁶

Á Seltjarnarnesi sköruðu *fyrirmyndarbændur* fram úr með því að vera góðum efnum búnir, eiga stórt bú og hafa mörg börn í heimili. Margir þeirra skiptu sjaldan um búsetu, greiddu afgjöld á réttum tíma og áttu stundum inni hjá kaupmanninum.²⁷ *Fyrirmyndarbændur* sóttu sér kvonfang hver hjá öðrum og jarðirnar héldust oft í ættinni, en ekki alltaf. Hinsvegar tókst næstu kynslóð idulega að ná sér í jörð, og þar með kvonfang, og oft að halda áfram búskap.²⁸

Fyrirmyndarbændur verða að teljast fastheldnir á sitt. Þar er gríðarlegur munur á þeim og *armingjunum* sem virðast missa allt út úr höndunum. Andstætt *fyrirmyndarbændum* er almennt fremur erfitt að fylgja *armingjunum* eftir í heimildum. Þeir lifðu alltaf á mörkum hins mögulega og fluttust oft milli staða. Börn þeirra gerðu slíkt hið sama eða dóu áður en þau náðu fullorðinsaldri. Þegar

svæðisins á grundvelli upplýsinga sem einkum eru fengnar úr kirkjubókum, manntölum og sóknarmannatölum, ýmsum reikningsyfirlitum, skipta- og dómabókum. Hér í þessari grein nefni ég aðeins meginatriðin varðandi hina ýmsu hópa án þess að fara nánar út í grundvöll niðurstaðna minna eða þær fjölskyldur sem þær eru byggðar á. Sjá nánar: Christina Ax, „Et andet Island – kulturel kompleksitet på Seltjarnarnes 1750–1830“ (Kgl.Bibl.).

26 *Landsnefndin 1770–1771*, bls. 268. Frumtextinn er á dönsku: „Alle veed, at de beste Bønder, som ere i Stand til at røgte og oppasse Hiemme-Gaardene med tilhørende Hialeyer, antages dertil af Iordeyerne, og disse antage Hialeymændene igien, som enten ere meget arme eller dovne, ja, Udskudet af Landfolket.“

27 Þetta sést m.a. af skiptagerðum, ýmsum búnaðarskýrslum og skuldalistum.

28 Ákveðin óvissa ríkir um lífsferil yngri kynslóðarinnar þar sem tímabilið sem tekið er til rannsóknar, 1750–1830, er ekki mjög langt.

rekist er á þetta fólk í heimildunum hefur það oft komist í kast við lögin eða dáið blásnautt.²⁹ *Armingjana* má kalla algjöra andstæðu *fyrirmyndarbændanna*. Þetta stafar að nokkru leyti af því hvernig heimildunum er háttað. Venjulega komust menn aðeins undir smásjá yfirvalda ef þeir skáru sig úr, annað hvort á jákvæðan eða neikvæðan hátt, og eru þar með nefndir í heimildunum sem fyrir hendi eru. *Fyrirmyndarbændurnir* og *armingjarnir* voru öfgarnar, en þeir menn voru til sem telja má á milli þessara tveggja menningarsniða.

Ólafur Stefánsson setti í tilvitnuninni hér á undan *fyrirmyndarbændur* á jarðirnar og *armingjana* á hjáleigurnar. Það var munur á hjáleigumönnum og bændum á mörgum sviðum,³⁰ en það var einnig mismunur innan þessara félagslegu hópa og ýmis líkindi þvert á þá hópskiptingu. *Armingja* var vissulega að finna í kotum og tómthúsum, en munurinn á menningarsniðunum tveimur var ekki aðeins munurinn á bændum og hjáleigumönnum. *Armingja* var að finna meðal þeirra sem féllu undir skilgreininguna bóndi og *fyrirmyndarbændur* var að finna meðal hjáleigumanna. Það var munur á Þorálfi Þorbjarnarsyni *bónda*, sem bjó í Engey 1784 með konu sinni, fjórum börnum, þremur vinnumönnum, þremur vinnukonum, tveimur niðursetningum, einum brauðbít, einum flakkara og tveimur lausamönnum, og t.d. Guðlaugi Magnússyni *bónda* í Kópavogi. Hann bjó á jörðinni 1784 með konu og fimm börnum á móti Eiríki Jónssyni, konu hans, dóttur og vinnumanni.³¹

Annað dæmi um mun á bændum var Ari Jónsson bóndi í Kópavogi og Sigurður Guðmundsson bóndi í Engey. Árið 1762 greiddi Ari Jónsson afgjöld sín, $\frac{1}{2}$ kúgildi, $\frac{1}{2}$ mannslán, dagsláttu og gjaf-toll, í peningum, kvöðum, lýsi og smjöri.³² Árið 1775 var hann á lista frá stiftamtmanni til kaupmannsins yfir hvað menn skyldu greiða í landskuld áður en þeir versluðu. Þar bar honum að leggja inn 30 fiska virði. Árið 1777 voru það aðeins 10 fiskar.³³

29 Sbr. neðanmálsgrein 25.

30 Sbr. t.d. Agnes Siggerður Arnórsdóttir, „Útvegsbændur og verkamenn“.

31 Þf. Kirknasafn. Sóknarmannatal 1784–1804 (1774).

32 Þf. Sýsl. G–K. Umboðið. V 13, Gjaldabók 1762.

33 Þf. Stift. III 193 Bréf ýmissa erlendra manna 1714–1803, Landskudalistar 1775 og 1777.

Hann greiddi þetta í bæði skiptin, en gjaldið var ekki heldur hátt. Flestir aðrir áttu að greiða meira en eina vætt, sem nam 40 fiskum. Þremur árum síðar fékk hann þriggja ríkisdala styrk vegna fjármissis af völdum fjársýkinnar.³⁴ Hann fékk einnig afhenta hálfa byggtunnu og fjórar vættir harðfisks hjá kaupmanninum, þar sem hann var einn hinna mest þurfandi í hreppnum.³⁵ Þetta ár voru þau fjögur í heimili, hann átti þrjár kýr, en hafði misst hest.³⁶ Þegar Ari lést 1782, 74 ára að aldri, lét hann ekki mikið eftir sig. Það var m.a. hestur og tvær kýr, þar af önnur með kálfi. Af klæðum voru einar buxur, tvær peysur og fjórar álnir af einskeftu. Af öðrum gripum voru nokkrar kistur og tunnur, nokkrar rekur, slitinn ljár, strokkur, kambar og tvær snældur, pottur, reiðtygi, einn pottur og nokkur skinn, fyrir utan rúm með fjölum og botni. Þetta var metið til fjögurra vætta og 48 álna. Hann skuldaði Laugarneskirkju 24 fiska, versluninni í Hafnarfirði 28 fiska og Jóni í Mels húsum þrjá ríkisdali og 70 skildinga auk leigu af hesti sem fallið hafði úr hor þá um veturinn.³⁷ Ari var ekkert óvenjulega fátækur maður. Margir bjuggu við sömu kjör, enda virðist hann hafa komist af þótt það hafi verið með harmkvælum. Hann gat að minnsta kosti haldið jörðinni í Kópavogi og þurfti ekki eins og aðrir að standa í stöðugum flutningum. Þegar skiptin eftir Ara Jónsson eru borin saman við skiptin eftir Sigurð Guðmundsson í Engey er þó um töluverðan mun að ræða.

Sigurður Guðmundsson lést sextugur að aldri árið 1774. Í dánarbúi hans var m.a. skráð fjögurramannafar og þrír minni bátar, þrjár kýr, fjórar lembdar ær, þrír sauðir og hestur. Hann átti margar kistur, m.a. eina með eikarloki og lás og allnokkuð af fötum. Það voru bláar og brúnar peysur með hnöppum, tvær mussur, önnur tvíhneppt og sortuð, hin einhneppt „sortuð og lyngvuð“, buxur, sokkar, blá prjónahúfa og útlensk skinnhetta, hálstreflar,

34 ÞÍ. Stíft. III 197 Skjöl og skýrslur um fjársýkina 1771–1788, Styrkur til kaupa á fé í Reykjavíkúrprófastsdæmi 1780.

35 ÞÍ. Sýsl. Gull-Kjós. XXIV 1 Búnaðarskýrslur 1779–1787, Listi yfir þurfa menn í hreppnum 2. febrúar 1780.

36 ÞÍ. Sýsl. Gull-Kjós. XXIV 1 Búnaðarskýrslur 1779–1787, Familie-, folks- og kreaturmantall udi Seltiarnenes 1781.

37 ÞÍ. Sýsl. Gull-Kjós. XV 1a Dánarbú 1756–1799, Dánarbú Ara Jónssonar, Kópavogi, 26. maí 1782.

tvö rúm uppbúin með einskeftubrekánum, fiðurkodd, sajett efni og fimm álnir vaðmáls. Að auki voru nokkrar guðsorðabækur. Sigurður átti mörg verkfæri og áhöld: rekur, ljái af ýmsum gerðum, mykjuklafa, smíðatól, axir, strokka, líspundavigt, fötur, tunnur, potta, sjóklæði og veiðarfæri. Hann átti „húsmannahús með hurð á hjörum“, marga hjalla, fjárhús, matvæli, silfurhnappa og töluvert af reiðufé. Þar fyrir utan átti hann inni hjá bæði kaupmanninum, landfógetanum og djáknanum. Samtals var þetta 41 vætt og 11 álnir.³⁸

Fljótt á titið gæti munurinn á Ara Jónssyni og Sigurði Guðmundssyni sýnst vera alfarið efnahagslegs eðlis. Á þessum tíma var líka greint á milli ríkra og fátækra þegar skýra átti ástandið á þessum slóðum. Í bréfi til Landsnefndarinnar 1770–71 kvörtuðu fimm bændur yfir því að hinir ríku fengu góðu jarðirnar en hinir fátæku yrðu að sitja uppi með lélegustu jarðirnar með þungum álögum, og gætu ekki haldið þeim við hvað þá sinnt jarðabótum.³⁹ Sumir nutu frá upphafi betri kjara og sérstöðu. Kannski var það af því að þeir höfðu aðra menningarlega afstöðu til þess hvað það væri að vera bóndi og umfram allt á hvern hátt maður ætti að vera það. Vitanlega má ekki njörva menn niður á menningarlega „bása“, en á hinn bóginn er það ekki alltaf vænlegt til árangurs að túlka mismikla velmegun þannig að fátæku bændurnir væru eins og þeir ríku ef þeir aðeins hefðu efni á því. Það sjónarhorn leiðir allt of auðveldlega til þeirrar túlkunar að menn eins og Guðmundur Jónsson og Ari Jónsson væru eingöngu lélegir búmenn og „slæmir“ bændur. Þetta snýst nefnilega ekki eingöngu um að komast í nægileg efni, heldur einnig um að kunna að nýta þau.

Meira um vert er að túlka þennan mun eins og Palle O. Christiansen þjóðháttafraeðingur gerir í rannsóknnum sínum á höfðingjasetrinu Giesegaard á Sjálandi í Danmörku. Þar finnur hann á 18. öld tvenns konar lífshætti hlið við hlið, en menningarlega ólíka, meðal landsetanna (fæstebønder), sem hann kallar *kappsmennina* (de stræbsomme) og *forlagatrúarmennina* (fatalisterne). Hér er einnig um að ræða stönduga bændur og fátæka, en Christiansen telur

38 Þf. Sýsl. Gull-Kjós. XV 1a Dánarbú 1756–1799, Dánarbú Sigurðar Guðmundssonar, Engay, 12. september 1774.

39 Þf. Rtk. 18.4 Lit. PP. 30. mars 1771 bréf frá Ívari Jónssyni, Jóni Magnússyni, Jóhanni Níelssyni, Árna Guðmundssyni og Jóni Einarssyni.

muninn á þeim felast í því að þeir höguðu sér og hugsuðu menn-ingarlega ólíkt. Hinir kappsömu vildu fá að sjá um sig og sína jörð og öðlast til þess sjálfstæði frá setrinu, en forlagatrúarmennirnir höfðu hugann fremur við líðandi stundu og að fara á krána. Þeim fannst skyldur sínar við setrið vissulega þungbærar en áttu þar at-hvarf þegar illa stóð á. Af þessu leiddi að hinir kappsömu lögðu áherslu á að greiða afganginn og lögðu hart að sér við bústörfina en forlagatrúarmenn bösluðust þetta og létu hverjum degi nægja sína þjáningu.⁴⁰

Á Seltjarnarnesi á 18. öld var ekki byggð sem var sambærileg við danskt sveitaþorp. Þar voru aðrar aðstæður og annað skipulag við lýði. Engu að síður er gagnlegt að túlka þau ummerki sem fólkið á Seltjarnarnesi hefur skilið eftir sig í heimildunum frá því sjónarmiði sem lýst er hér á undan. Þar virðist ekki aðeins hafa verið um að ræða ríka og fátæka bændur heldur ólík menningar-snið sem birtast í mismunandi hegðunarmynstri. Þegar Grímur Ólafsson slátraði fé sínu um haustið var það varla vegna þess að hann var vitrari en Guðmundur Jónsson, heldur vegna þess að hann hugsaði og hagaði sér á annan hátt menningarlega. Munur-inn á hugsunarhætti þeirra kemur enn skýrar fram vegna þeirrar staðreyndar að Guðmundur grunaði Grím um þjófnað.

Þrátt fyrir að margir sem setja mætti í flokk *armingja* væru vitan-lega í Reykjavík, voru framangreind menningarsnið einkum tengd dreifbýlinu og lífi manna þar. Strangt til tekið mætti því búast við sömu menningarsniðum annars staðar á Íslandi þótt það verði ekki rannsakað hér að sinni. En þetta var ekki eini munur-inn sem fyrirfannst í Seltjarnarneshreppi. Tilvist Reykjavíkur skapaði einnig skilyrði fyrir enn aðra lífshætti sem birtast með sínum hætti í heimildunum. Í Seltjarnarneshreppi var það fólk einkum bundið við Reykjavík.

40 Sbr. m.a. Palle Ove Christiansen, *Kultur og Historie* bls. 71–97. Skv. Christiansen er mikilvægt að leggja áherslu á að lífshættir þessara hópa eru samtengdir og háðir hverjir öðrum við rekstur góssanna. Um er að ræða heilstætt kerfi þótt ég taki sjálfstæð dæmi um þessa lífnaðarhætti til samanburðar við aðstæður á Seltjarnarnesi.

Bæjarbúar

Þrátt fyrir að Reykjavík væri í byrjun 19. aldar lítið annað en húsaþyrping með fáeinum íbúum var hún samt frábrugðin nærliggjandi sveitum. Enski ferðamaðurinn Henry Holland varð a.m.k. að endurskoða mat sitt á Reykjavík eftir að hafa ferðast um landið árið 1810. Eftir ferðina sá hann bæinn í nýju ljósi:

Þá virtist okkur allt þar ömurlegt og vesælt. En andstæðurnar við allt það, sem við höfðum séð á ferðalaginu, nægðu okkur til þess, að okkur þætti eitthvað nærri því stórfenglegt við það að koma til Reykjavíkur. Þar var fólk, líf og athafnir, sem við höfðum séð harla lítið af síðasta hálfan mánuðinn.⁴¹

Þær athafnir sem Holland nefndi voru m.a. sprotnar upp hjá hópi fólks sem virðist hafa tilheyrt Reykjavík. Að minnsta kosti átti þetta fólk og afkomendur þess heima í bænum. Það er erfitt að draga upp mynd af þessum hópi, kannski vegna þess að rétt eins og bærinn var hann að verða til. Samt sem áður má benda á nokkra menn sem nýttu sér þá kosti sem Reykjavík hafði að bjóða á allt annan hátt en flestir aðrir á þessum slóðum.⁴²

Sumir komu upphaflega til Reykjavíkur samfara ullarvefsmiðjunum sem voru fluttar til bæjarins frá Leirá og Bessastöðum um 1755. Bændur á Seltjarnarnesi voru ekki hrifnir af aðflutningi fólks. Í gestarétti 1770 nefndu þeir bændur sem kallaðir voru fyrir að fólki hefði fjölgað vegna Innréttingavefsmiðjanna. Að sögn bændanna var það vandamál að margir kvæntir menn með 3–4 ung börn á framfæri hefðu verið ráðnir að verksmiðjunum og hefðu margir misst vinnuna aftur. Aðrir héldu sig á þessum slóðum einungis í von um að fá vinnu.⁴³

41 *Dagbók í Íslandsferð*, bls. 100–101 – Henry Holland, *The Iceland Journal of Henry Holland 1810*, bls. 139. Frumtextinn er á ensku: „Then everything appeared mean, miserable & desolate – At the present moment, the contrast with what we had lately seen in the interior of the country was sufficient to give to the place a certain semblance of magnificence – something of life, population & activity to which our eyes for the last fortnight had been little accustomed.“

42 Sbr. nmgr. 25.

43 *Íf. Sýsl. Gull-Kjós. IV 6 Dóma- og þingbók 1763–1774*, 5. febrúar 1770 bls. 318–321. Niðurskurður og uppsagnir voru við vefsmiðjurnar á árunum 1767–1768.

Einnig var kvartað yfir íbúum Reykjavíkur við Landsnefndina fyrri árið 1771. Bræðurnir og hreppstjórnir Niels Jónsson og Oddur Hjaltalín, synir Jóns Hjaltalíns fyrrverandi sýslumanns, sendu bréf með mörgum umkvörtunum, auk þess sem þeir óskuðu eftir launum til handa hreppstjórnunum. Þeir litu svo á að mikilvæg orsök þess vanda sem steðjaði að hreppnum væru þeir „sem hafa dregist til verksmiðjunnar ... [og] fþyngt [hreppnum] með skilgetnum og óskilgetnum börnum sínum“. En hreppurinn fengi ekki á móti þá greiðslu sem honum bæri af jörðum Innréttinganna, auk þess sem framleiðsluvörur þeirra væru lélegar.⁴⁴

Þegar þetta er borið saman við kirkjubækur kemur í ljós að á árunum 1770–74 fæddust 11 óskilgetin börn í Reykjavík. Hinsvegar fæddust sjö óskilgetin börn í dreifbýlinu í kring, í Laugarnessókn og Nessókn. Í kirkjubókinni voru margir foreldrar hinna óskilgetnu Reykjavíkurbarna skráðir vinnuhjú en einnig t.d. sem búandi, sakakona og assistent. Aðeins í einu tilviki var foreldri skráð við „fabriquen“.⁴⁵ Oddur og Niels höfðu rétt fyrir sér í því að fleiri fluttust til Reykjavíkur og að þar fæddust fleiri óskilgetin börn en í sveitunum. Ég tel þó að neikvæð afstaða Odds og Nielsar til vefsmiðjufólksins eigi sér rætur í því að þeir tengdu það aðstæðum sem þeir þekktu fyrir. Þeir litu sennilega ekki á vefsmiðjufólkið sem nýjan samfélagshóp, og fyrst það var ekki bændur eða lifði sem bændur hlaut það að vera í flokki með *armingjum* eða vera lausgangarar. Vefsmiðjufólkið var í sömu stöðu og þeir en án búss. Þess konar fólki þótti fylgja leti, óskilgetin börn og lélegt siðferði yfirleitt.⁴⁶

En það voru engir *armingjar* sem Oddur og Niels áttu við að etja. Þetta voru allt öðruvísi menn sem kunnu að svara fyrir sig. Það gerðist með enn einu bréfi til Landsnefndarinnar um mánuði seinna. Bréfin til Landsnefndarinnar virðast hafa verið umtöluð og mátti nota þau til innbyrðis samskipta. Bréfið var undirritað af

44 Þf. Rtk. 18.4. Landsnefndin fyrri. Lit. NN. Bréf frá Nielsi Jónssyni og Oddi Hjaltalín, 30. mars 1771. Frumtextinn er á dönsku: „som har draget sig til Fabriquen... [og] beswæret [hreppen] med sine ægte og uægte børn“.

45 Þf. Kirknasafn. BA.4. Prestspjónustubók 1769–97, árin 1770–74.

46 Þessi einkenni á utangarðs- og verbúðafólki sjást í flestum lýsingum embættismanna á þessu fólki. Sbr. t.d. Ólafur Stefánsson, „Um Jafnvægi Biargrædis-veganna á Íslandi“ bls. 145–46. Búast má við því að þeir Oddur og Niels hafi kynnst lífsháttum *armingjanna*.

14 handverksmönnum í vefsmiðjunni. Bréf þeirra var nokkurs konar yfirferð yfir bréf Odds og Nielsar og mótmæli við ákærunum í því. Þeir töldu t.d. ekki að krafa um laun til hreppstjóra væri réttlætanleg, heldur væri hún fremur tilraun af hálfu hreppstjóranna til að skara eld að eigin köku. Síðan gerðu þeir Landsnefndinni (og öllum öðrum?) kunnugt hvað þeim fannst um hreppstjórana á Seltjarnarnesi með því að fara fram á „að sýslumennina ætti að skylda til að velja þá ekki til hreppstjóra sem þekktir eru að okri, græðgi og síngirni en af því hlýst margt annað illt.“⁴⁷ Vel kann að vera að góðbændur á Seltjarnarnesi hafi haft lítið álit á íbúum Reykjavíkur, en það lítur þó út fyrir að hafa verið gagnkvæmt.

Einn af þeim sem rituðu nafn sitt undir bréfið var Teitur Sveinsson (1748–1809) sem var áberandi maður í Reykjavík. Í dómskjölum er talað um hann sem „ærlegan“. Það var raunar tilvitnun hans sjálfs til orða annars manns, en meintur heiðarleiki hans styrkist af því að hann kom oft fram sem vitni eða eftirlits- og matsmaður. Hann var meðhjálpari við kirkjuna og guðfaðir margra barna.⁴⁸ Það voru ekki aðeins börn handverksmanna heldur einnig úr öðrum þjóðfélagshópum. Teitur er ýmist kallaður vefari, verka- eða daglaunamaður (arbejdsmand) eða verk-smiðjustjóri (fabrikør). Um tíma var hann bóndi og líklega einnig vefari, m.a. í Melasókn í Borgarfjarðarsýslu, en fór aftur til Reykjavíkur og byggði sér þar hús, Teitsbæ.⁴⁹ Teitur sýndi af sér mikinn dugnað sem virðist hafa erfst til sonar hans sem einnig lærði til vefara og var líkt og föðurnum trúað fyrir ýmsum matsstörfum.⁵⁰

47 Þf. Rtk. 18.5. Landnefndin fyrri, Lit. VV. Bréf frá Teiti Sveinssyni, Japhet Illugasyni, Magnúsi Árnasyni, Guðlaugi Eiríkssyni, Magnúsi Björnssyni, Bessa Árnasyni, Péttri Jónssyni, Erlendi Þórðarsyni, Guðmundi Jónssyni, Guðmundi Brynjólfssyni, Brynjólfi Höskuldssyni, Þórði Vigfússyni, Benedikt Einarssyni og Jóni Þórarinssyni, 2. maí 1771. Frumtextinn er á dönsku: „at sysselmaendene maate tilholdes ej at udwælge dem til Reppstyrrer, som ere bekiendt for Aager, Giærrighed og Egen Nytte, hvor af mange andre onde ting flyde.“

48 Það gæti skipt máli að eiginkona hans var ljósmóðir.

49 *Manntal 1801, Suðurland*, bls. 398. – *Íslendingabók, samstarfsverkefni Friðriks Skúlasonar og Íslenskrar erfðagreiningar*, <http://www.islendingabok.is> (Teitur Sveinsson, f. 1748). Einnig þakka ég Hrefnu Róbertsdóttur fyrir að benda mér á dvöl Teits utan Seltjarnarneshrepps.

50 *Kaupstaður í hálfa öld 1786–1836*, bls. 224 og 226.

Tvær dætur Teits giftust kaupmönnum eins og fleiri dætur handverksmanna. Þórunn Teitsdóttir giftist Magnúsi Ólafssyni Bergmann, einum hinna virtari kaupmanna í bænum. Þau fluttust síðar að Skildinganesi, en Magnús hélt áfram kaupmennsku. Einn sona Þórunnar og Magnúsar fór í Bessastaðaskóla. Önnur dóttir Teits, Arndís, giftist Finnboga Björnssyni kaupmanni. Finnbogi varð að sönnu gjaldþrota, en það virðist ekki hafa haft nein áhrif á börn þeirra Arndísar. Næstyngsta dóttirin varð þjónustustúlka hjá apótekanum. Elsta dóttirin giftist prentara í Viðey og þar var líka einn sonanna bókbindari. Dóttursonur hans, Teitur Finnbogason, varð vinnumaður hjá G. Stephansen (Guðbrandi Stefánssyni) smið og kvæntist dóttur hans. Eftir það er hann skráður „tøjsmed“ (sennilega áhaldasmiður) og dýralæknir.⁵¹

Telja verður að Teiti Sveinssyni og afkomendum hans hafi farnast vel,⁵² en það gildir einnig um marga aðra íbúa Reykjavíkur. Um margt minntu þessir *bæjarbúar* mjög á *fyrirmyndarbændurna*, því að þeir virðast hafa farið eins með það sem þeir höfðu milli handanna. Þeir komu sér sjaldan í skuldir, gegndu trúnaðarstörfum í Reykjavík og svo framvegis. Aftur á móti voru þeir ólíkir *fyrirmyndarbændum* á öðrum sviðum. Í fyrsta lagi lifðu þeir eins og hægt var á handverki eða verslun. Þeir tengdust hver öðrum með mægðum og héldu að mestu kyrru fyrir í Reykjavík (en ekki alltaf eins og sjá má af Teiti Sveinssyni þótt hann sneri aftur til bæjarins). Munur á þeim og bændum kemur einnig fram í því hvaða hluti þeir áttu.

Taflan „Búshlutir og fatnaður á Seltjarnarnesi eftir félagslegri stöðu, 1770–1836“ er unnin úr upplýsingum í dánarbús-, skipta- og uppboðsbókum 105 manna í Seltjarnarneshreppi. Upplýsingar sem sóttar eru í skipti eru alltaf bundnar nokkurri óvissu. Það eru ekki til skipti eftir alla íbúa á svæðinu og ekki hægt að vera viss um að allir hlutir séu upp taldir í þeim skiptum sem til eru. Þótt ekki fáist áreiðanleg heildarmynd af eigum fólks er þó hægt að sjá hvað það hefur átt í raun. Í töflunnni er sýnt nokkuð af þeim

51 Þf. Kirknasafn. BC. 4. Sóknarmannatal 1805–1824, (1824). – Þf. Aðalmannatal 1835.

52 Klemens Jónsson sem hefur ritað um sögu Reykjavíkur segir oft um afkomendur handverksmannanna að af þeim séu komnar góðar ættir í bænum. Sjá Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur* I.

Tafla 1. Búshlutir og fatnaður í dánarbúum á Seltjarnarnesi, skipt eftir félagslegri stöðu, 1770–1836

	Embættismenn (16 manns)	Bændur (17 manns)	Húsmenn (22 manns)	Tómthúsmenn (16 manns)	Verslunarmenn (18 manns)	Handverksmenn (16 manns)
Kjólar (karlm.)	9	1		1	10	7
Mussur	1	6	9	7	1	3
Axlabönd		1			6	2
Stúgvél	8	1	2	1	10	6
Vesti	9	4	3	6	12	10
Hattar	11	5	7	9	13	11
Kjólar (kvenm.)	2				4	1
Pils	4	3	12	4		1
Borð	13	6	3	4	12	6
Stólar	11	2		3	12	7
Teborð	4					1
Veggmyndir	9				2	1
Vasaúr	5				9	1
Stofuklukkur	7				1	2
Gluggatjöld	7				5	1
Dúkar	11	1			5	1
Tekönnur	13	1		2	9	6
Kaffikönnur	12	3		1	8	2
Glös	13	1			6	2
Súpuskálar (tarínur)	10	1			6	2
Saltker	9				1	

Heimildir: Þf. Sýsl. Gull-Kjós XII 1–3 Uppboðsbækur 1805–1836, XIII 1–3 Uppboðsskjöl 1786–1839, XIV 1–4 Skiptabækur 1781–1834, XV 1–10 Dánarbú 1756–1834. – Þf. Sýsl. Bfg. Rvk. XXIV 1–3 Uppboðsbækur 1803–1823, XXIX 1 Skiptabók 1803–1813, XXX 1 Dánarbú 1803–1813, 5–6 Dánarbú 1814–1839.

búshlutum og fótum þar sem mismunur milli samfélagshópa kemur fram. Ég hef til hagræðis kosið að skipta fólkinu eftir félagslegum þáttum, eins og það er auðkennt í skiptaskjölnum, fremur en eftir menningarsniði. Ástæðan er fyrst og fremst sú að menningarleg endursköpun krefst mikillar vinnu og þar fyrir utan kennir reynslan að ákveðin fylgni er milli hinnar félagslegu skiptingar og menningarsniðanna, þannig að *bæjarbúarnir* eru flestir í hópi handverks- eða verslunarmanna og *armingjarnir* í hópi bænda eða tómthúsmanna.

Af skiptunum að dæma, var munur á íbúum Reykjavíkur, sem þá náði aðeins til næsta nágrennis Aðalstrætis og Austurvallar, og öðrum almenningi. Meira en helmingur þessara bænda, húsmanna og tómthúsmanna átti (og klæddist sennilega) mussu, en því var öfugt farið hjá handverksmönnum. Sjö handverksmenn áttu kjól, tíu áttu vesti og sex stígvél. Þegar föt eru tilgreind í skiptagerðum eftir konur eru þær jafnmargar sem eiga íslenskan búning með pilsu og peysu og þær sem eiga kjól af dönsku tagi, þ.e. aðeins ein á hvora tegund. Axlábönd, vasaúr og sokkar eru í eigu manna í Reykjavík en sést varla hjá bændum, húsmönnum og tómthúsmönnum. Hattaeign eykst eftir hópum í þessari röð: bændur (5), húsmenn (7), tómthús menn (9) og að lokum handverksmenn (11).

Athygli vekur að í hópi handverksmannanna eru nokkrir af erlendum uppruna. Þeir hafa eins og kaupmennirnir hagað sér í samræmi við þau menningarlegu gildi sem þeir höfðu tileinkað sér áður en þeir komu til Íslands. Þeir áttu, rétt eins og kaupmennirnir og íslenska yfirstéttin, fatabursta, straujárn, spegla, dúka, gluggatjöld, skatthol, hægindastóla, veggmyndir og fleira slíkt. Þessir hlutir koma ekki jafn oft fyrir í skiptum eftir íslenska handverksmenn, en hvað klæðnaðinn snertir er líkt á komið með íslendingunum og erlendu handverksmönnum. Magnús Árnason, sem vann við ullaflökkun, og dó í bænum Grjóta árið 1785, átti t.d. parruk, teketil, gleraugu, stundaglas, töluvert af fótum, bæði með íslensku og evrópsku sniði, margar bækur sem flestar voru trúarlegar en einnig reikningsbók, Norsku lög á íslensku og fleira.⁵³ Bessi Árnason vefari átti bæði hatt og parruk.⁵⁴ Árið 1804

53 ÞÍ. Sýsl. Gull-Kjós. XV 1a Dánarbú 1756–1799, Dánarbú Magnúsar Árnasonar ullaflökkara, 28. júní 1785.

keypti Teitur Sveinsson hluti á uppboði eftir Finne landfógeta. Aðrir kaupendur voru einkum kaupmenn og embættismenn.⁵⁵ Heimili Þórunnar dóttur Teits var búið húsmunum eins og við átti hjá kaupmannsfrú, sem hún og var, þótt þau hjónin byggju á jörðinni Skildinganesi.⁵⁶ Innbú manna gefur svipaða mynd og klæðnaðurinn en ekki jafnskýra.

Á tímabilinu 1750–1830 voru íbúar Reykjavíkur ekki einsleitur hópur og þar var einnig munur á stöðu og launum vefsmiðjufólksins. Í Reykjavík var samt hópur sem í fyrstu hafði komið þangað vegna þeirra tækifæra sem buðust í ullarvefsmiðjunum. Menn lærðu handverk og reyndu að miðla kunnáttu sinni til næstu kynslóðar. Eftir því sem framleiðslan minnkaði eftir 1770 og þegar vefsmiðjan var lögð niður 1803 urðu menn að finna sér annað lifibrauð. Sumir stöldruðu stutt við handverkið en aðrir héldu fast við það. Enn aðrir sóttu í verslun, en eftir að einokunin var afnumin buðust ný tækifæri á því sviði. Seinna, þegar Reykjavík hafði vaxið, voru afkomendur fyrstu íbúanna enn í hópi handverksmanna. Þetta fólk fylgdi straumnum í þróun Reykjavíkur og átti þátt í að móta hana. Sumir breyttu nöfnum sínum að dönskum sið og klæddust að hætti embættismanna og kaupmanna í bænum, eins og taflan sýnir. Í fyllingu tímans komust sumir bæjarbúar og afkomendur þeirra í raðir kaupmannanna án þess þó að eiga sama menningarlega og efnahagslega bakgrunn og hinir erlendu kaupmenn. Engin merki eru um að vefsmiðjufólkið hafi skapað sér eiginlega handverksmenningu í evrópskum skilningi, þar sem sjálfsmyndin er sótt í handverkið. Handverkið var ekki lítilvægt þar sem því fylgdi kunnátt og sérstaða í samfélaginu og það opnaði mönnum því leið til nýrra lífshátta. Þeir sem unnu í vefsmiðjunum reyndu líka að miðla þekkingu sinni til sona sinna, sem veittist þó erfitt að lifa af. Hins vegar áttu sumir afkomendanna áfram heima á Reykjavíkursvæðinu og fundu sér aðra atvinnu, í versta falli sem tómthúsmenn og sjómenn en í besta falli í öðru handverki eða í þjónustu kaupmanna.

54 Þf. Sýsl. Gull-Kjós. XV 3 Dánarbú 1800–1802, Dánarbú Bessa Árnasonar vefarasveins, 2. júlí 1801.

55 Þf. Sýsl. Bfg. Rvk XXIV 1 Uppboðsbók 1803–1805, Uppboð eftir Finne landfógeta, 29. maí 1804.

56 Þf. Sýsl. Gull-Kjós. XIV 4 Skiptabók 1829–1834, Uppboð eftir hr. Magnús Bergman og sál. Þórunni Teitsdóttur, 1. júní 1831.

Lokaorð

Þótt flestir íbúar í Seltjarnarneshreppi stunduðu einhvers konar landbúnað og gætu kallast alþýða var ekki þar með sagt að þeir hugsuðu og hegðuðu sér eins. Hér að ofan er því lýst hvernig unnt er að greina þrenns konar menningarsnið (kulturelle profiler) meðal alþýðunnar, byggð á mismunandi lífsháttum og athöfnum í daglegu lífi. Þessi menningarsnið kallast hér *fyrirmyndarbændur* (de bedste bønder), *armingjar* (udskuddet) og *bæjarbúar*.

Fyrirmyndarbændurna einkennir góður fjárhagur og stór heimili. Þeir greiddu afgjöld sín á réttum tíma og áttu stundum inni hjá kaupmanninum. Jarðirnar héldust oft í ættinni. Sama endurtók sig í næstu kynslóð og fjölskyldur þeirra tengdust innbyrðis með giftingum. Andstætt *fyrirmyndarbændum* er erfitt að rekja *armingjana* í heimildum. Þeir lifðu alltaf á mörkum hins mögulega og höfðu oft vistaskipti. Börn þeirra gerðu slíkt hið sama eða dóu áður en þau náðu fullorðinsaldri. Þegar *armingjum* bregður fyrir í heimildunum er það iðulega vegna þess að þeir lentu í andstöðu við lögin eða dóu í örbirgð. *Armingjarnir* eru því að miklu leyti andstæðan við *fyrirmyndarbændur*. *Bæjarbúar* voru bundnir við Reykjavík og minntu um margt á *fyrirmyndarbændur* að því leyti að þeir sýndu af sér nokkurt frumkvæði og farnaðist fremur vel. Það sem helst greinir að þessi tvö menningarsnið er að bæjarbúar voru bundnir lífsháttum bæjarins. Innbú þeirra og klæðnaður var t.d. með dönsku eða erlendu sniði, eins og gerðist hjá „fína fólkinu“ í Reykjavík.

Þótt nokkur einkenni gefi kost á því að greina á milli einstaklinga sem tengjast þessum mismunandi menningarsniðum er ekki þar með sagt að unnt sé að útbúa gátlista sem á við alla. Hver einstaklingur hagar sér ekki heldur alltaf samkvæmt háttbundnu mynstri. Það er ekki heldur víst að einungis þær gerðir menningarsniða, sem greint hefur verið frá hér að framan, hafi verið til hjá alþýðunni. Þær kunna að hafa verið fleiri. Það sem máli skiptir er að til voru ýmis menningarsnið, að bóndi var ekki bara bóndi.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ)

Rentukammer (Rtk.)

18.4–18.5. Skjalasafn Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771.

Skjalasafn Stiftamtmanns (Stift.)

III 193. Bréf ýmissra erlendra manna 1714–1803.

III 197. Skjöl og skýrslur um fjársýkina 1771–1788.

Skjalasöfn sýslumanna og sveitarstjórna (Sýsl.)

Gullbringu- og Kjósarsýsla (Gull-Kjós)

IV 6–14. Dóma- og þingbækur 1763–1840

X 4–5c. Manntalsbók Gullbringusýslu 1806–1838

XII 1–3. Uppboðsbækur 1805–1836

XIII 1–3. Uppboðsskjöl 1786–1839

XIV 1–4. Skiptabækur 1781–1834

XV 1–10. Dánarbú 1756–1834

XXIV 1. Búnaðarskýrslur 1779–1787

Gullbringu- og Kjósarsýsla: Umboðið (G.K. Umboðið)

V 13. *Gjaldabók* 1762

Reykjavík (Bfg.Rvk.)

XXIV 1–3. Uppboðsbækur 1803–1823

XXIX 1. Skiptabók 1803–1813

XXX 1. Dánarbú 1803–1813

XXX 5–6. Dánarbú 1814–1839

Skjalasafn presta og prófa (Kirknasafn)

Seltjarnarnesþing/Dómkirkjan í Reykjavík

BA. 4. Prestsþjónustubók 1769–1797

BC. 3. Sóknarmannatal 1784–1804.

BC. 4. Sóknarmannatal 1805–1824

Manntöl

Aðalmanntal 1835.

Det Kongelige bibliotek – København (Kgl.bibl.)

Ax, Christina, „Et andet Island – kulturel kompleksitet på Seltjarnarnes 1750–1830“. Udgivet specialeafhandling ved Københavns Universitet 1999“.

Veraldarvefurinn

Íslendingabók, samstarfsverkefni Friðriks Skúlasonar og Íslenskrar erfðagreiningar, <http://www.islendingabok.is>.

Prentaðar heimildir

- Agnes Siggerður Arnórsdóttir, „Útvegsbændur og verkamenn. Tómithúsmenn í Reykjavík á fyrri hluta 19. aldar“, *Landnám Ingólfs. Nýtt safn til sögu þess* 3 (Reykjavík, 1986), bls. 99–124.
- Christiansen, Palle Ove, *Kultur og Historie. Bidrag til den etnolgiske debat* (Kaupmannahöfn, 1995).
- Dagbók í Íslandsferð 1810 eftir Henry Holland*. Þýðing Steindórs Steindórssonar (Reykjavík, 1960).
- Ginzburg, Carlo & Poni, Carlo, „Was ist Mikrogeschichte?“, *Geschichtswerkstat* 1985/6 (1985), bls. 48–52.
- Gísli Gunnarsson, *Monopoly Trade and Economic Stagnation: Studies in the foreign trade of Iceland 1602–1787*. Skrifur utgiva av Ekonomisk-historiska föreringen i Lund, Vol. 38 (Lund, 1983).
- Gísli Águst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930. Studies in the relationship between demographic and socio-economic development, social legislation and family and household structures*. Studia Historica Upsalensia 154 (Uppsala, 1988).
- Guðmundur Jónsson, „Institutional Change in Icelandic Agriculture, 1780–1940“, *Scandinavian Economic History Review*, XLI, 2 (1993), bls. 101–28.
- Gunnar Karlsson og Hans Jakob Debes, „Island – Færøerne – Grønland“, *Nationale og etniske minoriteter i Norden i 1800- og 1900-tallet*. Ritstjóri Gunnar Karlsson. Ritsafn Sagnfræðisstofnunar 19 (Reykjavík, 1987), bls. 15–43.
- Gustafsson, Harald, „Funderingar om det isländska tidigmoderna samhället“, *Gardar XXVIII. Årsbok för Samfundet Sverige-Island i Lund-Malmö* (Lund, 1998), bls. 5–14.
- Hastrup, Kirsten, *Nature and Policy in Iceland 1400–1800. An Anthropological Analysis of History and Mentality* (Oxford, 1990).
- Holland, Henry, *The Iceland Journal of Henry Holland 1810*. Ritstj. Andrew Wawn (London, 1987).
- Hrefna Róbertsdóttir, *Landsins Forbetran. Innréttingarnar og verkþekking í ullarvefsmiðjum átjándu aldar*. Ritstjóri Gunnar Karlsson. Sagnfræðirannsóknir 16 (Reykjavík, 2001).
- Kaupstaður í hálfa öld 1786–1836*. Lýður Björnsson sá um útg. Safn til sögu Reykjavíkur (Reykjavík, 1968).
- Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur I* (Reykjavík, 1929).
- Landsnefndin 1770–1771 I–II*. Bergsteinn Jónsson sá um útg. Sögurit XXIX (Reykjavík, 1958 og 1961).
- Levi, Giovanni, „On Microhistory“, *New Perspectives on Historical Writing*. Ritstjóri Peter Burke (Cambridge, 1991), bls. 93–113.
- Mannntal á Íslandi 1801, Suðurland* (Reykjavík, 1978).
- Mannntal á Íslandi 1816* (Akureyri og Reykjavík, 1947–74).
- Mannntal á Íslandi 1845, Suðurland*. Bjarni Vilhjálmsson sá um útg. (Reykjavík, 1982).

- Medick, Hans, „Mikro-Historie“, *Sozialgeschichte, Alltagsgeschichte, Mikro-Historie: eine Diskussion*. Ritsbjóri Winfried Schulze (Göttingen, 1994), bls. 40–53.
- Medick, Hans, „“Missionaries in the Rowboat”? Ethnological Ways of Knowing as Challenge to Social History“, *The History of Everyday Life: Reconstructing Historical Experiences and Ways of Life*. Ritsbjóri Alf Lüdtker (Princeton, 1995), bls. 41–71.
- Ólafur Stefánsson, „Um Jafnvægi Biargrædis-veganna á Íslandi“, *Rit þess Íslenska Lærdómslistafélags*. 7. 1786 (Kaupmannahöfn, 1787), bls. 112–93.

Summary

This article takes as its point of departure the assumption that Icelandic society is culturally homogenous. With the help of a microhistorical analysis of court cases and the life courses of the population in the local district Seltjarnarneshreppur, 1750–1830 three cultural profiles are distinguished among the common people. These are called respectively, „better-off farmers“, „outcasts“ and „town-dwellers“. The better-off farmers are characterised by a good economic situation and a large household. They paid their rent and taxes when due and now and again had a positive balance in their account with the local merchant. Their farms often remained in the family. The same pattern was repeated in the following generation, and children of these families often married into other families of the same status.

In contrast to the better-off farmers, the progress of the outcasts is generally difficult to trace. They lived their entire lives on the brink of existence and moved frequently. Their children did the same, or else died, often before reaching adulthood. When we do run across them in written sources, they have often run afoul of the law, or died in poverty. The outcasts can thus be said to a considerable degree to represent the opposite of the better-off farmers.

The townspeople are tied to Reykjavík and in many ways are not unlike the better-off farmers, as they show a certain degree of initiative and generally managed to look after themselves reasonably well. What distinguishes the two profiles is that the townspeople stay in town and do not pursue agriculture, although this can be a possibility. Their housewares and clothing also follow Danish/foreign models as is the custom for the „better classes“ in Reykjavík. On the basis of the above, we must conclude that it is possible to describe Icelandic society at the end of the 18th as culturally complex.